

Umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 21.02.2013

Efni: Söfnunargámar fyrir einnota skilgaldsskyldar drykkjarumbúðir á grenndarstöðvum.

Skátahreyfingin hefur frá árinu 1989 safnað einnota skilgaldsskyldum drykkjarumbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefnið, sem rekið er undir heitinu Grænir skátar, hefur verið í endurskoðun síðustu mánuði og viljum við leita eftir samstarfi við Hafnarfjarðarbæ um að koma upp söfnunargámum á öllum grenndarstöðvum í Hafnarfirði.

Okkar hugmynd er að Hafnarfjörður kosti smíði gámanna en Grænir skátar annist uppsetningu, losun, umsjón og viðhald þeirra á sinn kostnað. Kostnaðarverð hvers söfnunargáms er kr. 250.000. Grænir skátar eru tilbúnir til þess að leggja út fyrir smíði gámanna á árinu 2013 gegn því að samningar náist um fjármögnun á árinu 2014.

Okkar vonir standa til þess að Grænir skátar geti verið með söfnunargáma á öllum grenndarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu og stefnum við að viðræðum við forráðamenn allra sveitarfélaganna sem hlut eiga að máli. Viðræður eru þegar hafnar við Reykjavíkurborg sem hefur tekið vel í erindið.

Við óskum eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um útfærslu þessa verkefnis.

Virðingarfyllt



Júlíus Aðalsteinsson
Rekstrarstjóri Grænna skáta



Graenir 
skatar

Breyttu dósunum
þínum í **káta** skáta

Takk fyrir!

Við elskum dósir!

Graenir 
skatar

Styrktaraðilar

 Reykjavíkurborg

SORPA
Flökkum og skilum

 Endurvinnslan



Dósakassar

Á hvem kassa fara 4 límmiðar með graffiti vörn

- 2 stk. 70x100 cm
- 1 stk. 80x80 cm
- 1 stk. 80x50 cm

